



SALASKÓLI

SAMVINNUBEKKIR OG SAMSTARF KENNARA

LOKASKÝRSLA UM ÞRÓUNARVERKEFNI

Júní 2009

EFNISYFIRLIT

Útdráttur	2
aðdragandi verkefnisins.	2
Markmið	3
Lýsing á verkefninu, skipulagi þess og framkvæmd	3
Niðurstöður verkefnisins og mat.....	6

ÚTDRÁTTUR

Salaskóli hefur verið með aldursblandaða bekki í 1. – 6. bekk frá stofnun árið 2001. Skólaárið 2006-2007 varð mikil fagleg umræða um aldursblöndun. Í kjölfar hennar, vorið 2008 var ákveðið að fara af stað með þróunarverkefnið Samvinnubekkir og samstarf kennara. Í stað aldursblandaðra bekkja voru bekkir árgangahreinar og jafnframt var ákveðið að hver bekkur hefði samvinnubekk í næsta árgangi fyrir ofan eða neðan og þeir væru í reglulegu samstarfi í hverri viku. Þess var vænst að með þessu mætti nýta samkenslu og árgangakenslu þar sem það hentaði. Allir bekkir í 2. – 7. bekk tóku þátt í þróunarverkefninu. Hvert kennarateymi fékk nokkurt sjálfðæmi um framkvæmd í því skyni að fá fram ólíkar útfærslur á verkefninu. Verkefnið tókst vel og verður haldið áfram að vinna á sömu nótum á yngsta stigi. Á miðstigi verður hins vegar aftur aldursblandaðir bekkir í 6. og 7. bekk. Verkefnið stuðlaði að fjölbreyttari kennsluáferðum og kennsluháttum í skólanum.

AÐDRAGANDI VERKEFNISINS.

Salaskóli hefur verið með aldursblandaða bekki í 1. – 6. bekk frá stofnun árið 2001. Í fyrstu voru reyndar aðeins fjórir fyrstu árgangar grunnskólans í skólanum en árið eftir bættust næstu þrír við. Hver bekkur var blandaður nemendum úr tveimur árgöngum. Frá upphafi hefur verið haldið vakandi umræðu um samkensluna meðal kennara en einnig við foreldra. Þegar nokkur reynsla var komin á samkensluna fjölgaði þeim sem gagnrýndu aldursblönduðu bekkina ekki síst hjá yngstu nemendum. Skólaárið 2006-2007 var málið rætt vandlega í kennarahópnum og komu fram mismunandi sjónarmið.

Kennarar í 1. – 4. bekk færðu fram sterk rök gegn aldursblönduðum bekkjum. Helstu rök þeirra voru að því fylgdu vandkvæði að bekkir breyttust á hverju hausti, umfang kennslunnar verður meira en ella og það torveldaði möguleika á að koma til móts við hvern einstakling, þroskamunur innan hvers bekkjar væri mikill, erfiðara sé að dýpka skilning á námsefninu, of margir nemendur væru í hverjum aldursblönduðum bekk, mikill tími færi í skipulagsvinnu kennara þar sem verið væri að vinna með námsmarkmið tveggja árganga í hverjum bekk og aðalnámskrá gerði ráð fyrir að hver árgangur væri sér. Einnig nefndu þeir að nemendur sem væru að hefja grunnskólagöngu þyrftu betri aðlögun.

Kennarar í 5. – 6. bekk voru talsmenn aldursblandaðra bekkja og færðu sterk rök með því að hafa slíkt fyrirkomulag. Í fyrsta lagi tölvu þeir að í aldursblönduðum hópi væri meiri ögrun sem hefði jákvæði áhrif á nám. Félagslega þáttinn töldu þeir mikilvægan, þ.e. að aldurblandaðir bekkir leiddu til þess að nemendur þekktu fleiri og það hefði góð áhrif á skólaandann. Þeir færðu einnig rök fyrir því að aldursblöndun hjálpaði til við einstaklingsmiðun í námi. Þá bentu þeir á hættuna á að bekkir gætu orðið fjölmennari ef þeir væru árgangahreindir.

Sérkennarar skólans fóru einnig yfir málið og töldu þeir að aldursblöndun gæfi möguleika á að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Aldursblöndun gætu skapað möguleika á sveiganleika í námsumhverfinu sem kæmi nemendum til góða. Þeir töldu einnig að kennarar líti síður á aldursblandaðan bekk sem hóp einsleitra nemenda en fremur sem hóp nemenda með misjafnar þarfir og styrkleika. Ókosti samkennslunnar töldu þeir vera einkum þá að hún yki vinnu kennara, vandamál með stundaskrá, minna úrval félaga og erfiðleika í foreldrasamstarfi þar sem bekkir breytast á hverju ári.

Foreldrar ræddu samkennsluna einnig talsvert á fundum með skólastjórnendum og þar komu fram ábendingar um félagsleg vandkvæði sem samkennslan ylli.

Í framhaldi af þessari umræðu var ákveðið að gera breytingar og var það kveikjan að þróunarverkefninu.

MARKMIÐ

Að nemendur á ólíkum aldri vinni saman í námi

Að efla félagstengsl meðal nemenda á ólíkum aldri

Að innleiða kennsluáferðir og skipulag sem henta í aldursblönduðum námshópum

Að nýta kosti og möguleika aldursblöndunar til að búa til kröftugt námssamfélag

Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og koma þannig betur til móts við mismunandi þarfir hvers og eins

Að stuðla að samvinnu kennara í kennslu og undirbúningi kennslu

LÝSING Á VERKEFNINU, SKIPULAGI ÞESS OG FRAMKVÆMD

LÝSING

Vorið 2008 var tekin ákvörðun um breytingar á skipulagi kennslu í 1. – 7. bekk. Í stað aldursblandaðra bekkja væru árgangahreindir bekkir. Jafnframt var ákveðið að hver bekkur hefði samvinnubekk í næsta árgangi fyrir ofan eða neðan og þeir væru í reglulegu samstarfi í hverri viku. Þess var vænst að með þessu mætti nýta samkennslu og árgangakennslu þar sem það hentaði. Allir bekkir í 2. – 7. bekk tóku þátt í þróunarverkefninu en 1. bekkur stóð utan við það.

Hvert kennarateymi fékk nokkurt sjálfðæmi um framkvæmd í því skyni að fá fram ólíkar útfærslur á verkefninu. Stundaskrá var gerð m.t.t. til þess að bekkir fengju tíma til samstarfs.

Stýrihópur var skipaður í upphafi skólaárs og í henni sat einn fulltrúi úr hverju teymi. Vegna þess að teyminum var gefið sjálfðæmi um framkvæmd var stýrihópurinn ekki atkvæðamikill. Verkefni hans varð að hrinda verkefninu í framkvæmd, standa að kynningum á verkefninu innan skólans og vinna áfangaskýrslu og lokaskýrslu.

Alls tóku tólf bekkir þátt í verkefninu og tólf umsjónarkennarar.

Hrint úr vör

Á vordögum 2008 var verkefninu hrint úr vör fljótlega eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að fara af stað með það. Kennarar skoðuðu kennslu hver hjá öðrum í því skyni að kveikja umræður og vangaveltur um kennsluaðferðir og fjölbreytta kennsluhætti. Segja má að þetta hafi verið hugmyndafræðilegur undirbúningur verkefnisins. Einnig fóru kennarar í skólaheimsóknir og skoðuðu kennslu og skipulag í öðrum skólum.

Í lok skólaársins var bekkjarskipulagi breytt, raðað upp á nýtt í bekki og verkefnið kynnt fyrir foreldrum á fjölmönnum foreldrafundum í lok skólaársins.

Í upphafi skólaárs 2008-2009 ákváðu kennarar í hverju teymi hvernig þeir útfærðu verkefnið og unnu námsáætlanir vegna verkefnisins.

2. – 3. bekkur

Í 2. og 3. bekk eru 5 bekkjardeildir. Það reyndist því örðugt að setja tvo og tvo bekki saman og búa þannig til tvíburabekki, eins og ætlunin var. Ákveðið var því að tveir bekkir, einn úr hvorum árgangi, ynnu saman sem tvíburabekkir, en hinir þrjú bekkirnir skiptust í þrjú blandaða hópa. Fjórar kennslustundir á viku voru festar fyrir samstarfið. Á haustönn var unnið með eitt þema, „Komdu og skoðaðu fjöllin“ og gekk það að mörgu leyti vel. Við mat á verkefninu var þó samdóma álit kennara að það hefði náð yfir of langan tíma eða 12 vikur. Kennarar unnu saman að undirbúningi og fór talsverður tími í þá vinnu. Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar, s.s. söguaðferð, hringekja, útikennsla, vettvangsferðir, hópvinna ýmiskonar og jafnframt var leitast við að hafa viðfangsefni einstaklingsmiðuð. Við mat á verkefninu voru kostir þess einkum taldir vera að nemendur og kennarar kynntust vel og kennarar ættu skoðanaskipti í hinu faglega starfi – undirbúningnum. Ókostir tengdust samræmingu á stundaskrá, forföllum kennara, skortur á gögnum og að kennarar þekktu ekki alla nemendur nægilega vel.

Á vorönn var ákveðið að stytta þematímabilið niður í 5 vikur og voru því unnin 2 þemaverkefni. Fyrra verkefni var Land og þjóð og hið síðara var um fugla. Einnig var ákveðið að mæta erfiðleikum með samræmingu á stundaskrá með því hluti af verkefninu væri unnin í hverjum bekk og hluti með samvinnubekknunum. Sá þáttur sem samvinnubekkirnir vinna saman er verklegi hluti verkefnisins. Kennarar voru ánægðari með þetta fyrirkomulag enda gekk það mun betur. Reyndar voru nemendur orðnir þjálfari í vinnubrögðunum og búnir að læra á fyrirkomulagið sem kann að hafa hjálpað talsvert upp á.

4. – 5. bekkur

Í 4. – 5. bekk var sama staða og í 2. – 3. bekk, þ.e. tvær bekkjardeildir í öðrum árganginum en þrjár í hinum. Í fyrstu var öllum hópnum blandað saman og myndað úr honum fimm árgangablandaðir hópar. Það þótti svo ekki gefast nógu vel og var því tekið upp sama fyrirkomulag og í 2. – 3. bekk. Fjórar kennslustundir voru festar á töflu undir samstarfið. Á haustönn voru unnin þrjú samstarfverkefni mislöng. Eitt var um Leif Eiríksson, annað um boðorðin tíu og það þriðja um jólasveina. Auk þess blönduðu kennarar bekkjum sínum einu sinni í mánuði í svokallað stórval og þá velja nemendur mismunandi verkefni til að vinna að saman, óháð aldri.

Á vorönn var ákveðið að prófa öðruvísi fyrirkomulag eða hraðbrautir. Hraðbrautir felast í stuttum námskeiðum, t.d. tvær kennslustundir í fjögur skipti. Kennarar skipta milli sín mismunandi greinum. Gripið var til þess ráðs að blanda saman öllum bekkjunum og kynjaskipta hópnum. Hraðbrautirnar sem voru kenndar voru eðlisfræði, ritþjálfing og námsspil, ritun, veðurfar og þjóðsögur. Þegar nær dró páskum var unnið verkefni tengt dymbilviku og páskahátíðinni. Nemendur fræddust um atburði þessa tíma samkvæmt kristinni trú og unnu „harmonikkubók“ með útskýringum í máli og myndum. Unnið var í tvíbura- og þríburabekkjum. Botninn var sleginn í samkennsluna með fuglaþemaverkefni sem byggist á fuglategundum sem bekkir skólans eru nefndir

eftir. Unnar voru mósaíkmyndir, upplýsinga aflað um fuglana (kría, mávur, rita, hávella, helsingi, súla, langvía, krummi, kjói) og búin til veggspjöld með mynd og upplýsingum um hvern fugl. Nemendur unnu í 2. -3. manna hópum sem byggðust á tvíbura- og þríburabekkjum.

6. – 7. bekkur

Í 6. og 7 bekk eru tveir bekkir í hvorum árgangi. Þar er samstarf milli árganga skipt í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er námsleið sem kölluð er hraðbraut en þar er nemendum úr báðum árgöngum blandað saman í fjóra árgangablandaða hópa. Hver hópur fer svo í gegnum stutt en hnitmiðuð námskeið í ýmsum greinum. Lögð er áhersla á bóklegar greinar og tölur í þessum námskeiðum. Hvert námskeið stendur yfir í þrjár vikur, þrisvar í viku í klukkustund í senn. Annar þáttur er tungumálainnlit en þá er nemendum úr 5. – 7. bekk blandað saman í námshópa og þeir fá innsýn inn í tungumál sem fæst íslensk börn hafa á valdi sínu og grunnur þeirra því sá sami. Tungumálainnlit er í 8 vikur, 2 stundir á viku. Í þriðja lagi var ætlunin að nemendum í 6. og 7. bekk yrði skipt í hópa eftir námsfögum þegar liði að prófum og nemendur í hverjum hópi myndu búa til ákveðinn fjölda spurninga úr sínu fagi. Síðan yrði sett upp spennandi spurningakeppni sem hjálpaði nemendum að rifja upp námsefni annarinnar, auk þess að efla samkennd og samvinnu meðal þeirra.

Farið var í gegnum eftirfarandi efni í hraðbrautum vetrarins:

Enska – hlustun og tal

Samfélagsfræði – Íslandssaga og glósutækni, norræn goðafræði

Tölvur - PowerPoint, Word, Publisher

Landafræði Evrópu – Löndin sem tóku þátt í Eurovision lögð til grundvallar.

Nemendum úr 6. og 7. bekkjum var blandað þannig að hver hópur samanstóð af jöfnu hlutfalli úr hvorum árgangi. Lögð var mikil áhersla á samvinnu innan hópanna, nema í glósutækni, þar var áherslan á að læra að draga út aðalatriðin á þann hátt að hægt væri að leggja þau vel á minnið, sjónrænt eða á annan hátt sem hentar mismunandi einstaklingum. Unnið var með efnið á fjölbreyttan hátt eftir því sem hentaði best hverju viðfangsefni og má þar nefna bæklingagerð, leiki, spurningakeppni, myndræna útfærslu eða ritunarvinnu.

Samvinnan gekk mjög vel, nemendur voru upp til hópa jákvæðir og námsfúsir og árangur af þessari útfærslu á samvinnu var góður að mati kennara.

Tungumálainnlit. Nemendum úr 5.-7. bekk var blandað í hópa þar sem reynt var að hafa hlutfallið jafnt á milli árganga. Farið var í nokkur „undirstöðuatriði“ í portúgölsku, frönsku, ítölsku, þýsku, spænsku og rússnesku, s.s. litina, líkamann, föt, daga og einfaldar setningar (ég heiti.... góðan daginn...). Markmiðið var að blanda þessum þremur aldurshópum saman við viðfangsefni þar sem allir mættu til leiks jafnir, og einnig að glæða áhuga nemenda á tungumálanámi og víkka sjóndeildarhringinn. Nemendur voru spenntir fyrir tungumálainnlitinu og mat kennara er að vel hafi tekist til þó e.t.v. hefði þurft að taka meiri tíma í námskeiðin eða fara annan hring til þess að ná að hrista hópinn betur saman. Einnig er það mat kennara að gott geti verið að blanda þessum þremur árgöngum oftast saman, og þá með leiki eða önnur samskiptaverkefni í huga til þess að ná betur að hrista einstaklingana saman.

Farið var í nokkrar vettvangsferðir í samstarfi milli 6. og 7. bekkja í vetur. Var þar markmiðið einkum að efla félagsþroska og félagsleg tengis nemenda í gegnum áhugaverðar ferðir og leiki. Farið var Kaldárssel þar sem gíst var eina nótt í upphafi skólaársins, í ratleik í miðborg Reykjavíkur og í Guðmundarlund. Í öllum ferðunum var lögð áhersla á að hóparnir blönduðust vel, lærðu að taka tillit til ólíkra einstaklinga innan hópanna og að allir fengu að njóta sín.

Ekki vannst tími til að taka fyrir áhugasviðsverkefni eða upprifjunarspurningakeppni, eins og áætlað hafði verið. Hins vegar unnu bekkirnir fjórir saman að því að setja upp veglega sýningu á vinnu vetrarins. Þar var öllum nemendum blandað í þriggja til fjögurra manna hópa og hver hópur bar ábyrgð á að kynna eitt fag eða viðfangsefni sem unnið hafði verið með í vetur. Tókst þetta með ágætum, enda nemendur orðnir mjög vanir samvinnu á þessum nótum, auk þess sem hóparnir unnu að sínum verkefnum á afar sjálfstæðum nótum og kennarar voru nánast á hliðarlínunni á meðan á þessu stóð.

NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS OG MAT

Þegar á heildina er litið tókst verkefnið með ágætum. Kennarar sýndu því mikinn áhuga og lögðu mikið af mörkum til þess. Fagleg umræða þeirra á meðal gat af sér ólíka nálgun í árgöngunum en vissulega er aldur nemenda einnig áhrifaþáttur þegar litið er til kennsluaðferða og skipulags. Í yngstu árgöngunum kom fram ríkari þörf á að hver bekkjarkennari héldi utan um sinn hóp en í eldri árgöngum. Var brugðist við því á vorönninni.

Allir nemendur í 2. – 7. bekk unnu í hverri viku í námi sínu með eldri eða yngri nemendum og þannig var stuðlað að auknum félagstengslum milli þeirra, auk þess sem námsleg samvinna nemenda á ólíkum aldri hefur góð áhrif.

Kennarar lögðu sig fram um að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta í aldursblönduðum námshópum og jafnvel komu þeir með nýjar og áhugaverðar útfærslur á kennsluaðferðum s.s. hraðbrautir og tungumálainnlit. Þá eru einnig í bígerð fleiri hugmyndir sem eflaust verður hrint í framkvæmd síðar. Fjölbreyttir kennsluhættir af þessu tagi stuðla að því að betra er að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Þetta verkefni krafðist nokkurrar faglegrar undirbúningsvinnu kennara. Kennarar þeirra árganga sem unnu saman hittust reglulega á fundum þar sem þeir skipulögðu hvert verkefni, útfærðu markmið og lögðu upp kennsluaðferðir. Þar mættust fagleg sjónarmið og var oft á tíðum lífleg fagleg umræða í teymunum.

Þau markmið sem sett voru með verkefninu hafa að mestu náðst sbr. það sem fram kemur hér að ofan.

Haldið verður áfram með verkefnið en breyting verður þó gerð í 6. og 7. bekk þar sem aftur verða teknir upp aldursblandaðir bekkir. Er það gert í ljósi þess að verkefnið hefur styrkt okkur enn frekar í því að vel henti að vera með aldursblandaða námshópa á þessu aldurstigi. Í 2. og 3. bekk og 4. og 5. bekk verður áframhaldandi þróun með samvinnubekkina en auk þess verður áframhaldandi samstarf í 5. – 7. bekk. Styrkja þarf samstarf kennaranna og samræma betur stundaskrár þeirra árganga sem eiga að vinna saman.

Verkefnið var kynnt rækilega innan skólans á kennarafundum. Kennarar hvers teymis kynntu sína vinnu og hugmyndir fyrir öðrum og skapaði það miklar og áhugaverðar faglegar umræður um fjölbreytta kennsluhætti og aldursblöndun.

Verkátun sem sett var í upphafi stóðst að mestu, sem og fjárhagsátun. Ekki var keypt utanaðkomandi aðstoð eins og hugmyndin var en í stað þess leitað meira inn á við í þekkingarbrunn kennaranna sem tóku þátt í verkefninu. Lítillega var breytt út frá hugmyndum um mat á verkefninu, þ.e. að í stað spurningalista sem átlunin var að leggja fyrir var leitað eftir stuttum skýrslum frá kennarateymunum. Gáfu þær góða mynd af framgangi verkefnisins, hvað var gott og hvað mátti betur fara.

Á undanförunum árum hefur fjöldi skóla tekið upp samkennslu án þess að þurfa þess vegna fæðar nemenda. Samkennslan hefur fylgt stefnunni um einstaklingsmiðað nám og skipulag samkennslunnar hefur þótt styðja við þá stefnu. Salaskóli var stofnaður árið 2001 og hefur því verið með aldursblandaða bekki í sjö ár þegar ákveðið var að breyta og reyna að nýta kosti samkennslunnar sem og þess að hafa árgangahreina bekki. Þróunarverkefnið sem unnið hefur verið í vetur styður við þá hugmynd að samkennsla sé eftirsóknarverð en

einnig er margt sem bendir til þess að hún sé mun auðveldari í framkvæmd á miðstigi en á yngsta stigi. Ákveðið hefur verið að halda áfram með samkenndu í Salaskóla. Á yngsta stigi verður áfram unnið á svipuðum nótum og í vetur, þ.e. í anda þróunarverkefnisins en á miðstigi verða aftur teknir upp aldursblandaðir bekkir í 6. og 7. bekk.

Verkefnið hefur að mestu haft góð áhrif á faglegt starf í Salaskóla í vetur. Fagleg umræða um verkefni sem henta í aldursblönduðum hópum hefur verið mikil og alið af sér hugmyndir sem hrint hefur verið í framkvæmd. Eitt vandamál hefur komið upp sem mikilvægt er að bregðast við en það er að kennarateymi sem hafa frá upphafi skólastarfs í Salaskóla verið samansett af kennurum tveggja árganga, riðluðust og kennarar hvers árgangs unnu saman. Það dró mjög úr krafti hinnar faglegu umræðu sem áður var í kennarateymunum. Við þessu verður að bregðast í upphafi næsta skóláárs.

Salaskóla 16. júní 2009

Hafsteinn Karlsson,